

## **Reglur um þjónustutryggingu**

Reglur þessar falla úr gildi 1. apríl 2011.

### **Gildissvið**

Þjónustutrygging er tímabundin greiðsla til foreldra barna yngra en 36 mánaða. Þjónustutrygging er greidd þar til leikskólaláss býðst hjá leikskólum Reykjavíkurborgar eða framlag er greitt frá Leikskólasviði vegna annarrar þjónustu, s.s. vistun hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla. Fram að 24 mánaða aldri barns geta foreldrar valið á milli þjónustutryggingar eða leikskóla Reykjavíkurborgar, sjálfstætt starfandi leikskóla eða dagforeldris.

### **1. Fjárhæð þjónustutryggingar og aldur barna**

Þjónustutrygging er kr. 25.000\* á mánuði fyrir hvert barn.

Ekki er greidd þjónustutrygging fyrir börn eldri en 36 mánaða og er í reglum miðað við fæðingardag barns.

### **2. Skilyrði fyrir veitingu þjónustutryggingar**

#### **2.a Skilyrði um lögheimili og fasta búsetu**

Réttur til þjónustutryggingar er bundinn því skilyrði að lögheimili barns og föst búseta sé í Reykjavík.

#### **2.b. Skilyrði um rétt til aðgangs að leikskóla**

Réttur til þjónustutryggingar er bundinn því skilyrði að barn verður að uppfylla skilyrði um að fá aðgang í leikskóla Reykjavíkurborgar, þ.m.t. að foreldrar séu ekki í vanskilum við Leikskólasvið, sbr. 2. gr. reglna um leikskólalþjónustu.

Sæki foreldrar sem eru í vanskilum við Leikskólasvið um þjónustutryggingu geta foreldrar óskað eftir að gerður sé samningur um greiðslu vanskila með þeim hætti að þjónustutrygging gangi upp í skuld foreldra. Samningar um greiðslu vanskila fara eftir verklagsreglum Leikskólasviðs. Ekki er heimilt að greiða foreldrum í vanskilum þjónustutryggingu fyrir en skuld við Leikskólasvið hefur verið greidd að fullu.

#### **2.c Skilyrði um að barn sé á biðlista eftir 24 mánaða aldur**

Fram að 24 mánaða aldri geta foreldrar valið að nýta sér þjónustutryggingu í stað leikskólaláss eða framlags frá Leikskólasviði vegna annarra dagvistunarúrræða. Þegar barn er orðið 24 mánaða stofnast eingöngu réttur til þjónustutryggingar ef barn er á biðlista eftir leikskólaláss eða annarri niðurgreiddri þjónustu s.s. hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla.

Áður en barn nær 24 mánaða aldri þurfa foreldrar þess að sækja um leikskólaláss hjá leikskólum Reykjavíkur eða skila til Leikskólasviðs staðfestingu á því að barn sé á biðlista eftir leikskólaláss hjá sjálfstætt starfandi leikskóla eða vistun hjá dagforeldri. Þjónustutrygging er ekki greidd eftir 24 mánaða aldur barns nema staðfesting hafi borist Leikskólasviði, sjá nánar grein 5.c.

\*Frá 1. ágúst 2010 er mánaðarlega fjárhæð þjónustutryggingar kr. 20.000.-

## **2.d Hjúskaparstaða foreldra**

Einstæðum foreldrum skv. þjóðskrá stendur til boða þjónustutrygging þegar barn nær 6 mánaða aldri en foreldrum í hjúskap eða sambúð þegar barn nær 9 mánaða aldri.

## **2.e. Skilyrði um umsókn**

Réttur til þjónustutryggingar stofnast eingöngu ef um hana er sótt og fyllt í alla reiti umsóknar sjá nánar 3. gr. reglna um þjónustutryggingu.

## **3. Umsókn um þjónustutryggingu**

Réttur til þjónustutryggingar skapast frá umsóknardegi sé öllum skilyrðum fullnægt. Umsóknir sem berast 20. hvers mánaðar eða fyrr, koma til greiðslu 3. dag næsta mánaðar. Umsóknir sem berast síðar í mánuðinum koma til greiðslu 3. dag þarnaesta mánaðar. Ekki er greitt afturvirkkt.

Sæki foreldrar um þjónustutryggingu en öllum skilyrðum er ekki fullnægt og þau uppfyllast síðar greiðist þjónustutrygging frá þeim tíma er öllum skilyrðum er fullnægt.

Þjónustutrygging er greidd í 11 mánuði á ári, ekki er greidd þjónustutrygging í júlí.

Sótt er um þjónustutryggingu rafrænt í gegnum Rafræna Reykjavík.

Afgreiðsla umsókna er hjá Leikskólasviði Reykjavíkur.

## **4. Skipting þjónustutryggingar**

Foreldrar í hjúskap eða sambúð skipta á milli sín þjónustutryggingu. Hvort foreldri um sig getur sótt um þjónustutryggingu og gildir umsóknin fyrir báða foreldra. Í umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um bankareikninga beggja foreldra. Þjónustutryggingu er skipt á milli foreldra þannig að hvort foreldri um sig fær greiddar kr. 12.500 á mánuði.<sup>1</sup>

## **5. Lok og höfnun greiðslu þjónustutryggingar**

### **5.a Barn fer í leikskóla eða greitt er framlag vegna annars dagvistunarúrræðis.**

Réttur til þjónustutryggingar fellur niður þegar barn byrjar í leikskóla eða Leikskólasvið greiðir framlag vegna annarra dagvistunarúrræða.

### **5.b Boð um leikskólapláss eftir 24 mánaða aldur**

Hafni foreldrar boði um leikskóladvöl sem gert er ráð fyrir að hefjist eftir að barn hefur náð 24 mánaða aldri, fellur þjónustutrygging niður án fyrirvara við 24 mánaða aldur barns. Ef barn er eldra en 24 mánaða þegar boði um leikskóladvöl er hafnað fellur þjónustutrygging niður þegar boði er hafnað. Það sama gildir ef pláss hjá sjálfstætt starfandi leikskóla eða dagforeldri er hafnað.

---

<sup>1</sup> Frá og með 1. ágúst 2010 fær hvort foreldri um sig kr. 10.000.

Ef ekki er unnt að bjóða foreldrum pláss á þeim leikskóla er foreldrar kjósa helst og foreldrar ákveða að taka ekki boði um pláss fellur þjónustutryggingar niður - án fyrirvara - við 24 mánaða aldur ef gert er ráð fyrir að leikskóladvöl eða dagvistun hefjist eftir 24 mánaða aldur. Ef barn er eldra en 24 mánaða þegar boði um leikskóladvöl er hafnað fellur þjónustutrygging niður þegar boði er hafnað. Þegar um er að ræða boð um leikskólapláss er miðað við að foreldrum sé boðið leikskólapláss í leikskóla sem staðsettur er í sama póstnúmeri og heimili eða í sama póstnúmeri og þeir leikskólar eru staðsettir er valdir voru af foreldrum.

### **5.c Barn er ekki á biðlista hjá Leikskólum Reykjavíkur**

Ef barn er ekki á biðlista eftir leikskólaplássi hjá Leikskólum Reykjavíkur þegar barnið er 24 mánaða þurfa foreldrar fyrir 24 mánaða aldur að skila til Leikskólasviðs staðfestingu frá sjálfstætt starfandi leikskóla eða dagforeldri um að barn sé á biðlista. Þjónustutrygging er ekki greidd eftir 24 mánaða aldur barns nema staðfesting hafi borist Leikskólasviði. Réttur til þjónustutryggingar fellur niður frá 24 mánaða afmælisdegi barns hafi staðfesting ekki borist Leikskólasviði. Tryggingin greiðist að nýju frá þeim degi sem staðfesting berst og öllum öðrum skilyrðum er fullnægt. Ekki er greitt afturvirkkt.

Foreldrum ber að afla staðfestingar á því að barn sé á biðlista hjá sjálfstætt starfandi leikskóla eða hjá dagforeldri hvenær sem Leikskólasvið óskar. Leikskólasvið áskilur sér rétt til að kanna hjá viðkomandi sjálfstætt starfandi leikskóla eða dagforeldri hvort barni hafi verið boðið pláss.

### **5.d Barn hefur áður verið í leikskóla Reykjavíkurborgar eða Leikskólasvið greitt framlag vegna annarra dagvistunarúrræða.**

Ákveði foreldrar að taka barn sem náð hefur 24 mánaða aldri úr vistun hjá Leikskólum Reykjavíkurborgar eða hætta að nýta önnur niðurgreidd dagvistunarúrræði eiga þeir ekki rétt á þjónustutryggingu. Unnt er að sækja um undanþágu frá framangreindu hafi foreldrar flutt af höfuðborgarsvæðinu í 6 mánuði að lágmarki eða barn getur ekki sótt leikskóla vegna langvarandi veikinda.

## **6. Ofgreiðsla þjónustutryggingar**

Verði um ofgreiðslu að ræða á þjónustutryggingu áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að endurkrefja hina ofgreiddu fjárhæð ásamt dráttarvöxtum frá gjalddaga kröfu hafi hún ekki verið greidd á eindaga. Ofgreiðsla miðast við þann dag sem skilyrðum regnanna er ekki lengur fullnægt eða fram koma atvik er varða brottfalli réttar til þjónustutryggingar.

## **7. Skattaleg meðferð**

Um skattalega meðferð fer samkvæmt lokamálslið 2. töluliðar A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 2. gr. laga nr. 174/2006.

## **8. Kæruleiðir**

Höfnun greiðslu þjónustutryggingar er unnt að kæra til samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytis, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Skv. 27. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum, skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

## **9. Skil reglna**

Reglur þessar gilda um núverandi þiggjendur þjónustutryggingar og allar umsóknir um þjónustutryggingu, þrátt að þær hafi borist fyrir 1. janúar 2010.

Umsóknir um þjónustutryggingu sem borist hafa Leikskólasviði fyrir 1. janúar 2010 vegna barna sem eru eldri en 36 mánaða falla niður í síðasta lagi 1. apríl 2010 eða fyrr ef einhver ákvæði reglna þessara leiða til höfnunar greiðslu þjónustutryggingar. Ekki er því greidd þjónustutrygging vegna barna eldri en 36 mánaða eftir 1. apríl 2010.

## **10. Gildistaka**

Reglur þessar falla úr gildi 1. apríl 2011. Þær tóku gildi 1. janúar 2010. Frá og með þeim tíma féllu úr gildi reglur um þjónustutryggingu er tóku gildi 1. september 2008. Grein 5. b. breytt 3. febrúar 2010.